

AUGLÝSING

um staðfesting handhafa valds forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 78/1979, fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum.

Handhafar valds forseta Íslands féllust hinn 18. maí 1988 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breyting á reglugerð nr. 78/1979, fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum:

1. gr.

108. gr. orðist svo:

Nú er fjöldi stúdenta sem stenst samkeppnispróf á fyrsta ári meiri en svo að veita megi þeim öllum viðunandi framhaldskennslu við aðstæður á hverjum tíma og getur háskólaráð þá eftir rökstuddri tillögu tannlæknadeildar takmarkað fjölda þeirra, sem halda áfram námi. Ákvörðun háskólaráðs skal tilkynna fyrir upphaf þess háskólaárs, sem próf eru haldin. Réttur stúdenta til framhaldsnáms er miðaður við árangur prófa í lok 1. misseris 1. námsárs.

Pegar tveir eða fleiri nemar hafa sömu meðaleinkunn og velja þarf á milli þeirra ræður forgangsörðun einkunna eins og tilgreint er í kennsluskra tannlæknadeildar ár hvert. Stúdent hefur staðist hinn fræðilega hluta 1. árs prófa hljóti hann meðaleinkunnina 5.0.

Stúdentar, sem öðlast ekki rétt til þess að halda áfram námi, mega endurtaka öll prófin næsta ár eða láta fyrri próf gilda og keppa þá við nýja stúdenta á jafnréttisgrundvelli.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast gildi 1. júní 1988.

Menntamálaráðuneytið, 24. maí 1988.

Birgir Ísl. Gunnarsson.

Árni Gunnarsson.

Nr. 46

FORSETABRÉF

11. maí 1988

um þinglausnir.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt:

Alþingi 110. löggjafarþing, lýkur störfum í dag, miðvikudaginn 11. maí 1988.
Mun ég því slíta Alþingi í dag.

Gjört í Reykjavík, 11. maí 1988.

Vigdís Finnbogadóttir.

Þorsteinn Pálsson.